

VERKEFNI

FJÖLBREYTILEIKINN ER FALLEGUR

Í verkefninu kynna nemendur sér mannréttindi trans og intersex fólks.

MARKMIÐ

1. Að nemendur þekki hugtökin trans og intersex sem og önnur hugtök tengd hinsegin málefnum.
2. Að nemendur geti greint réttindi þessara hópa og tengt þau við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
3. Að nemendur læri að skynja mun á ólíkum aðstæðum einstaklinga, jafnrétti, forréttindum og mismunun (Aðalnámskrá grunnskóla 2011).
4. Að nemendur læri að bera virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti og geti verið virkir og ábyrgir borgarar í lýðræðislegu nær- og fjær samfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla 2011).

LENGD

110-130 MÍNÚTUR

ALDUR

13+

UNDIRBÚNINGUR

- Blýantar, hugtakaspjöld (eitt spjald af handahófi fyrir hvern) og skrifarkir
- Eintök af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna fyrir alla nemendur
- Tölva, skjávarpi og aðgangur að internetinu
- Myndbönd Amnesty International og Samtakanna 78 um réttindi trans og intersex fólks:
<https://www.youtube.com/channel/UCIgJTASSGHsY98JGIDw8SGQ>

ÞETTA VERKEFNI ER Í ÞREMUR SKREFUM:

1. Hvað er...? (70 mínútur)
2. Mannréttindi trans og intersex fólks (45 mínútur)
3. Gríptu til aðgerða! (20 mínútur)

SKREF 1: HVAÐ ER...? (70 MÍNÚTUR)

Einstaklingsvinna (3 mínútur)

- [Púslaðferðin](#) er notuð í þessum hluta verkefnis.
- Nemendur fá eitt hugtakaspjald og blýant.

- Hver í sínu lagi velta nemendur fyrir sér hugtakinu á spjaldinu og skrifa niður þá skilgreiningu sem þeir telja útskýra hugtakið.

Hópavinna 1 (30 mínútur)

- Næst er þátttakendum skipt í átta hópa (sérfræðingahópar) eftir því hvaða hugtak hver nemandi fékk (allir með hugtakið **Hinsegin** eru saman í hópi o.s.frv.).
- Hóparnir ræða sitt hugtak og velta fyrir sér eftirfarandi spurningum:
 1. Eru þið öll með svipaða skilgreiningu á hugtakinu?
 2. Flettið upp hugtakinu á vefsíðunni **Hinsegin frá Ö til A** www.otila.is og kannið hvort ykkar skilgreining sé sú sama og þar er að finna. Ef nei, hvar liggur munurinn?
 3. Þekktuð þið hugtakið fyrir þessa æfingu? Ef já, hvaðan?
- Eftir að hóparnir hafa rætt málin er mikilvægt að þeir kynni sér sitt hugtak í þaula og skipuleggi hvernig þeir muni fræða aðra um hugtakið.

Hópavinna 2 (30 mínútur)

- Þegar hóparnir hafa unnið nauðsynlega sérfræðivinnu eru myndaðir átta nýir hópar þar sem hver nemandi er með sitt hugtak (einn með **Hinsegin**, annar **Kyneinkenni** o.s.frv.).
- Hver og einn nemandi kynnir sitt hugtak, fræðir hina og svarar spurningum.

Ígrundun (7 mínútur)

- Í lok verkefnisins er mikilvægt að allur hópurinn ræði saman og velti fyrir sér eftirfarandi spurningum:
 1. Hvað lærðuð þið í þessari æfingu?
 2. Er eitthvað sem kom ykkur á óvart?
 3. Eru einhverjar spurningar sem vakna eftir að hafa unnið þetta verkefni?
 4. Hvernig tengjast þessi hugtök heiti verkefnisins **Fjölbreytileikinn er fallegur**?

SKREF 2: MANNRÉTTINDI TRANS OG INTERSEX FÓLKS (45 MÍNÚTUR)

Allir (5 mínútur)

- Í upphafi þessa hluta verkefnisins er ágætt að allur hópurinn ræði saman eftirfarandi spurningar:
 1. Nýtur hinsegin fólk sömu réttinda og aðrir í samfélaginu?
 2. Hvaða, ef einhverjar, hindranir gætu þessir einstaklingar staðið frammi fyrir?
- Meðan á umræðunum stendur skrifar kennari þau atriði sem koma fram (hindranir, réttindabrot o.s.frv.) á töfluna.

Hópavinna (30 mínútur)

- Næst er þátttakendum skipt í 3-4 manna hópa og allir fá eintak af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
- Þátttakendur eru beðnir að fara í gegnum mannréttindayfirlýsinguna og finna þær

greinar sem gætu átt við atriðin á töflunni. Þá gætu þátttakendur einnig fundið fleiri greinar sem tengjast réttindum og/eða réttindabrotum trans og intersex fólks.

- Allir hópar skrifa á blað sínar niðurstöður.
- Nú eru myndböndin þrjú um réttindi trans og intersex fólks sýnd: Alex (02.23 mínútur) Kittý (02.50 mínútur) Vally (02.56 mínútur). Eftir hvert myndband ræðir hver hópur fyrir sig hvort og þá hvaða réttindi sem skrifuð höfðu verið niður í skrefi 2 ríma við það sem fram kemur í myndbandinu. Einnig ræða hóparnir hvort enn væri hægt að bæta við réttindum á listann miðað við þær upplýsingar sem fram koma.

Ígrundun (10 mínútur)

- Allir hóparnir ræða myndböndin, réttindi og réttindabrot og hvernig hægt væri að bæta stöðu þessara einstaklinga.

SKREF 3: GRÍPTU TIL AÐGERÐA! (5 mínútur)

- Í lok verkefnisins er tilvalið að hvetja þátttakendur til að grípa til aðgerða og **skora á stjórnvöld að standa vörð um réttindi trans og intersex fólks**. Nálgað má ákall til stjórnvalda á vefsíðu Íslandsdeildar Amnesty International, www.amnesty.is.
- Einnig gætu þátttakendur skipulagt aðgerð í skólanum þar sem þessi málefni eru kynnt og fólk hvatt til að grípa til aðgerða og standa vörð um réttindi þessara hópa.

FJÖLBREYTILEIKINN ER FALLEGUR

SKREF 1

Ljósritið og dreifið hugtakaspjöldunum hér að neðan til þátttakenda. Eitt spjald af handahófi fyrir hvern þátttakanda.

Hinsegin	Intersex
Kynsegin	Trans
Kyneinkenni	Kynhneigð
Kynvitund	Kyntjáning